



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið  
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 11. febrúar 2021

2101079SA KB/bg  
Málalykill: 00.63

### Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um heimild sveitarfélaga til innheimtu umhverfisgjalda

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 28. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um ofangreinda þingsályktunartillögu. Í þingsályktunartillögunni er lagt til að fela samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra í samráði við umhverfis- og auðlindaráðherra að meta hvort og hvernig unnt sé að veita sveitarfélögum heimild til að innheimta umhverfisgjöld og skila skýrslu til Alþingis á vorþingi 2021.

Sambandið telur sjálfsagt að möguleikar sveitarfélaga til að innheimta umhverfisgjöld séu metnir og er það í samræmi við stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2018-2022 en þar segir m.a. „Sveitarfélögum skulu tryggðir nauðsynlegir tekjustofnar í samræmi við þau verkefni sem þeim eru falin með lögum. Þeir skulu vera nægjanlega fjölþættir og sveigjanlegir til að standa undir þeirri þjónustu sem íbúar kalla eftir. Nýjar reglur eða kröfur af hálfu ríkisins í garð sveitarfélaga skulu ávallt háðar kostnaðarmati og ákvörðun sem tryggir fullnægjandi fjármögnun“. Að mati sambandsins er mikilvægt að sjálfstjórn sveitarfélaga sé höfð að leiðarljósi við gerð skýrslunnar.

Sambandið vill nýta tækifærið og benda á að hingað til hafa ný gjöld er Alþingi samþykki falið í sér að gjöldin renna til ríkissjóðs þótt eðlilegt sé að nærumhverfið og sveitarfélögin njóti þeirra. Nýlegt dæmi er Fiskeldissjóður en þar greiða fiskeldisfyrirtæki gjald er rennur í sjóð í vörslu ríkisins og geta sveitarfélög upp á náð og miskunn ríkisins sótt um styrki til að standa undir kostnaði sveitarfélaga vegna fiskeldisfyrirtækja. Slíkt fyrirkomulag er með öllu ótækt. Einnig verður að nefna tilraun ríkisstjórnarinnar til að koma á urðunarskatti en sá skattur er í anda umhverfisgjalda. Urðunarskattur átti að renna til ríkisins. Umhverfisskattur var því ekki tæki fyrir sveitarfélög til að nýta sér nálægð við íbúa til að bæta umhverfið og styrkja gjaldstofna sína heldur var það ætlunin ríkisins að koma upp enn einum sjóði er sveitarfélög gætu sótt um styrki til en það er öllum ljóst að framtíðaruppbygging t.d. varðandi meðhöndlun úrgangs verður ekki ákveðin á grundvelli vonar um styrki frá ríkinu er sveitarfélög keppast um að fá.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri